

af kröfum áfrýjanda, Ásgeirs Ásgeirssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda 50 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Fógeti kvað ekki upp reglulegan úrskurð í málinu.

Mánudaginn 20. desbr. 1920.

Nr. 6/1920.

Árni J. Hafstað og Jón Jónsson

(Guðm. Ólafsson)

gegn

Kristni P. Briem,

(Eggert Claessen)

viðvíkjandi gjörðardómi um landamerki.

Dómur landamerkjadóms Skagafjarsrðarsýslu 26. ágúst 1918: „Málinu vísast frá landamerkjadómi. Svo greiði og stefnandi þessa máls Kr. P. Briem, stefndu, Árna J. Hafstað og Jóni Jónssyni, 50 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum“.

Dómur landsyfirrjettarins 15. desbr. 1919: „Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar,

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndu, Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, áfrýjanda Kristni P. Briem, 50 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum“.

Dómur hæstarjettar.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi landsyfirrjettarins átti stefndi rjett á að leita úr-

lausnar landamerkjadómsins um landamerkin, og þá jafnframt um gildi gjörðardómsins, en þá úrlausn hefir hann ekki fengið og ber því að staðfesta landsyfirrjettardóminn.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjendurnir, Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, greiði stefnda, Kristni P. Briem, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins er prentaður í dómasafni yfirdómsins 1919, bls. 864—866.

Leiðrjettingar.

- Bls. 63, 7. l. o. Jónsson verði Jónasson.
 — 77, 3. l. o. fyrir Eggert Claessen komi L. Fjeldsted.
 — —, 6. l. o. fyrir L. Fjeldsted komi Eggert Claessen.
 — 73, 8. l. o. »þegar« falli burt.
 — 80, fyrir frávísunardómur komi ómerkingardómur.
 — 87, 8. l. n. fyrir Lárus Fjeldsted komi Sveinn Björnsson.
 — 87, 5. l. n. fyrir Sveinn Björnsson komi Björn P. Kalman.
 — 88. 17. l. o. fyrir mest komi næst.
-